

## Fundargerð

Miðvikudaginn 8. desember 2021, kl. 15:00 - var haldinn fundur í stjórn **Byggðasamlags um menningu og atvinnumál A-Hún**. Fundarstaður var Hnúkabyggð 33 á Blönduósi. Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, formaður, Hjálmar Björn Guðmundsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson. Þá var Sigrún Hauksdóttir skrifstofu- og fjármálastjóri Blönduósbæjar á fundinum undir 4. dagskrálið. Valdimar ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund kl 13:00- og stjórnaði honum. Formaður bar upp hvort væru athugasemdir við fundarboð og gögn, þar sem gögn höfðu borist seint en svo var ekki, og gengið til dagskrár.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundum dags., 16. Júní 2021, var undirrituð en hún hafði áður verið send út með tölvupósti, án athugasemda.

#### 2. Héraðsskjalasafnið – erindi

Fyrir fundinum liggur tillaga/beiðni frá Héraðsskjalasafninu um kaup á tækjabúnaði, sem eru m.a., tölvubúnaður, myndavél, og aukahlutir að upphæð kr 719.380- vegna endurnýjunnar og aukinna verkefna. Stjórn heimilar kaupin sem mættu koma á yfirstandandi ár, að hluta eða öllu leyti. Þá verið einnig gert ráð fyrir að klára tillögu/beiðni 2022.

#### 3. Heimilisiðnaðarsafnið – Rekstrarstyrkur fyrir árið 2022.

Erindi frá Heimilisiðnaðarsafninu um rekstrarstyrk til safnsins fyrir árið 2022, en sótt er um upphæð kr. 7.200.000- en erindinu fylgir einnig rökstuðningur og rekstraráætlun fyrir árið 2022. Eftir nokkra umræðu þá samþykkir stjórn að veita Heimilisiðnaðarsafninu rekstrarstyrk að **upphæð kr. 6.900.000- fyrir árið 2022**, og er framkvæmdastjóra falið að tilkynna um styrkinn.

#### 4. Fjárhagsáætlun 2022

Sigrún Hauksdóttir, skrifstofu- og fjármálastjóri Blönduósbæjar fór yfir fjárhagsáætlun og benti á þá liði sem þörfuðust ákvörðunar stjórnar. Farið var yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2022 og unnið með nokkra liði til breytinga sem höfðu áhrif á niðurstöðu. *Eftir vandlega yfirferð á fjárhagsáætlun BMA, fyrir árið 2022, þá var hún borin upp til staðfestingar og samþykkt af stjórn með 4 atkvæðum*

ARS.  RH  
MA

## Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

### 5. MRN vegna viðhalds og endurbóta á Kvennaskólahúsum/staða

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu á málinu og samskipti sín við ráðuneyti um frekari fjárveitingu til viðhalds og uppbyggingar á húsnæði Kvennaskólans, auk bygginga á kvennaskólareit. Greint var frá heimsókn formanns, framkvæmdastjóra ásamt forstöðumanni eigna- og framkvæmdasviðs Blönduósbæjar í Kvennaskólann nýlega, þar sem fundað var með Elsu Arnardóttur forstöðumanni og farið yfir stöður mála. Þá voru lagðar fram teikningar af þeirri hugmyndavinnu sem farið hefur fram ásamt kostnaðaráætlun á endurbyggingu á mögulegum vinnustofum. Stjórn BMA frestar að fara í vettvangsferð í Kvennaskólann fram yfir áramót en þá mun liggja fyrir afgreiðsla á fjárlögum ríkisins 2022 og einnig hvort og þá með hvaða hætti áframhaldandi framlög eru til viðhalds og uppbyggingar á Kvennaskólareit eins og fyrirheit eru nú um.

### 6. Önnur mál.

Samþykkt að boða næsta fund stjórnar BMA fljótlega á nýju ári, þar sem farið yrði í vettvangsheimsóknir til Textílmíðstöðvar Íslands, og Ós Listamiðstöð, en einnig mögulega í Héraðsskjalasafnið.

Fleira ekki fyrir tekið  
Fundir slitið kl. 16:10

Halldís G. Ólafsson

Fjalmar B. Guðmundsson

Magnús Björnsson  
Ragnhildur Starvalds